

Listaháskóli Íslands / Háskólinn í Reykjavík

Tillögur að breytingum á frumvarpi til laga um breytingu á háskólalögum eins og þau liggja fyrir hjá menntamálanefnd alþingis.

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar.

Í fyrsta lagi er lagt til að gerðar verði breytingar á 10 gr. frumvarpsins. (15. gr. laganna)

Greinin hljóði svo:

Yfirstjórn háskóla er falin háskólaráði og rektor eftir því sem nánar er kveðið á um í sérlögum, skipulagsskrá, samþykktum eða öðrum stofnskjölum háskóla. Í stjórnskipulagi háskóla skal gert ráð fyrir setu nemenda og kennara í þeim stjórnunareiningum þar sem fjallað er um kennslu, rannsóknir og gæðamál.

Tillagan felur í sér að í stað þess að að 1. málslíður 1. mgr. 15. gr. laganna verði svohljóðandi: *Þar skal gert ráð fyrir setu fulltrúa starfsmanna og nemenda í stjórn eða háskólaráði og þeim stjórnunareiningum þar sem fjallað er um kennslu og rannsóknir*, er lagt til eftirfarandi orðalag: *Í stjórnskipulagi háskóla skal gert ráð fyrir setu nemenda og kennara í þeim stjórnunareiningum þar sem fjallað er um kennslu, rannsóknir og gæðamál.*

Fellt verði út: *Háskólaráð er æðsti ákvörðunaraðili innan hvers háskóla. Rektor er formaður háskólaráðs og stýrir fundum ráðsins.*

Jafnframt er felld út skilgreining á þeim kröfum um hæfni sem gerðar eru til til rektors. Sú skilgreining á frekar heima í 18. gr. laganna um starfslíð háskóla.

Athugasemdir:

Með þessari breytingu er tryggt að nemendur og kennarar komi að þeim málefnum, sem snerta hagsmuni þeirra, eins og meginmarkmið upphaflegu tillögunnar snýst um. Þar eru mikilvægust gæðamálin, sem m.a. fela í sér eftirlit með gæðum kennslu, rannsókna, og annarri starfsemi háskóla. Með stofnun alþjóðlegs Gæðaráðs og því gæðakerfi háskóla, sem nú hefur verið sett, upp er tryggt að fylgst verður með því að þessu ákvæði sé framfylgt.

Þá jafnframt felur tillagan í sér að háskólar hafi ákveðið svigrúm til að byggja upp og breyta sínu stjórnskipulagi, og þurfi ekki að kollvarpa því fyrirkomulagi sem þeir búa við í dag, eins og sumir þeirra yrðu að gera ef frumvarpið nær óbreytt fram að ganga. Þetta er jafnframt í samræmi við það mikilvæga ákvæði sem lagt er til í 1. gr. frumvarpsins að fellt verði inn 2. gr. laganna, þ.e. að *“Háskólar ráða skipulagi starfsemi sinnar og ákveða hvernig henni er best fyrir komið til hagsbóta fyrir íslenskt samfélag, fyrir nemendur og fyrir framþróun vísinda, (lista) og fræða.”*

Í öðru lagi er lagt til að efni 11. gr. frumvarpsins verði breytt og þar verði lagt til að 16. gr. laganna um *háskólafundi* verði felld brott eða breytt þannig að það sé undir hverjum háskóla komið hvernig hann tryggir innra samráð og fræðilega stefnumótun. Hið nýstofnaða Gæðaráð háskólanna fylgist með og tryggir að samráð af þessum toga fari fram innan hvers skóla.

Háskólarnir hafa mismunandi leiðir til þess að miðla upplýsingum um starfsemi sína og til þess að tryggja aðkomu sem flestra að fræðilegri stefnumótun. Í mörgum þeirra er þetta samstarf afar öflugt eins og kemur fram í úttektarskýrslum um starfsemi þeirra. Það er því þvingandi og ónauðsynlegt í þessu sambandi að skylda skólana til þess að gera það allir með sama hætti, og í því formi sem frumvarpið lýsir. Aftur skal vísað til þess ákvæðis í frumvarpinu að *"Háskólar ráða skipulagi starfsemi sinnar, og ákveða hvernig henni er best fyrir komið ..."*

Í þriðja lagi er lagt til að eftirfarandi breyting verði gerði á 12. gr. frumvarpsins, sem varðar breytingar á 18. gr. laganna. Í stað breytingartillögu frumvarpsins á 2.málslið 1. mgr. 18. gr. er lagt til eftirfarandi orðalag:

Listaháskólinn:

Háskólar skulu setja á fót dómnefnd til að meta hæfi prófessora, dósenta, lektora og sérfræðinga. Þeir sem bera bera framangreind starfsheiti skulu hafa þekkingu og reynslu í samræmi við alþjóðleg viðmið fyrir viðkomandi starfsheiti á þeirra fræðasviði, staðfest með álit dómnefndar. Þeir skulu jafnframt hafa sýnt þann árangur í starfi að þeir njóti viðurkenningar á viðkomandi sérsviði.

Háskólinn í Reykjavík:

Háskólar skulu setja á fót dómnefnd til að meta hæfi prófessora, dósenta, lektora og sérfræðinga. Þeir sem bera bera framangreind starfsheiti skulu hafa þekkingu og reynslu í samræmi við alþjóðleg viðmið fyrir viðkomandi starfsheiti á þeirra fræðasviði, staðfest með álit dómnefndar eða með doktorsprófi frá viðurkenndum háskóla. Þeir skulu jafnframt hafa sýnt þann árangur í starfi að þeir njóti viðurkenningar á viðkomandi sérsviði.

Til samræmis verði breytt ákvæði um skipan í dómnefndir: *Í dómnefndir má skipa þá eina sem lokið hafa æðstu menntunargráðu á sínu fræðasviði eða hafa aflað sér jafngildrar þekkingar og reynslu.*

Tillögur skólanna eru í samræmi við þær skýringar sem koma fram í fyrri álitserðum þeirra til allsherjar og menntamálanefndar.

07.05.12.

Ari Kristinn Jónsson
Hjálmar H. Ragnarsson